

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Flugumýri, athafnasvæði, nýtt deiliskipulag – A411.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í skipulaginu eru skilgreindar heimildir fyrir núverandi byggð atvinnuhúsnæðis við Flugumýri, s.s. byggingarreitir, byggingarheimildir, bílastæði, úrgangsmál, gróðurbelti, frágangur lóða og fleira. Innfærðir eru nýir stígar, gönguleiðir, gangstéttir og gönguþveranir. Lóðastækkarnir eru lagðar til sem möguleiki á lóðunum Flugumýri 6, 8, 18, 20, 30, 32, 34 og 36.

Samhliða er gerð óveruleg breyting á deiliskipulagsmörkum Desjamýrar til samræmis við deiliskipulagsmörk Flugumýrar.

Desjamýri, athafnasvæði, deiliskipulagsbreyting – A411.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér færslu á vesturhluta skipulagsmarka deiliskipulags Desjamýrar til samræmis við ný deiliskipulagsmörk deiliskipulags Flugumýrar.

Frístundalóð í Miðdal, L125360, við Hafravatnsveg 50-64, deiliskipulagsbreyting – F521.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu frístundalands við Hafravatnsveg vegna vegtengingar og aðkomu. Tillagan sýnir breytta veghönnun um lóð Hafravatnsvegar 56 með aðkomu að Hulduhvammi.

Ofangreindar skipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Mosfellsbæ, 28. janúar 2025.

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 29. janúar 2025